

291. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGUR 8. MAÍ 2019 KL 9:30

haldinn í Skálholti

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Stafholt, erindi sóknarnefndar til kirkjuráðs.
 - b) Víðistaðakirkja, erindi til Jöfnunarsjóðs.
 - c) Saurbær, æðarvarp.
 - d) Skeggjastaðir, vegaframkvæmdir. Erindi Vegagerðarinnar.
 - e) Hofskirkja í Skagafirði, lagning jarðstrengs, erindi Rarik.
 - f) Blönduóssókn, Jöfnunarsjóður, styrkumsókn.
- 3) Málefni Skálholts
 - a) Skálholt, stefnumörkun til framtíðar, samantekt Kolbeins Kolbeinssonar verkfræðings.
 - b) Gestastofa í Skálholti, fyrsti áfangi endurnýjunar gamla vígslubiskupshúss.
 - c) Rangæingabúð, umsókn um heimild til niðurrifs, upplýsingaskýrsla.
 - d) Skálholtsbúið, ábúðarlok núverandi ábúanda.
 - e) Stjórn Skálholts, sóknarprestur, organisti og starfsfólk.
 - f) Tillaga frá lagahópi kirkjuráðs um framtíðarstjórnskipulag Skálholtsstaðar.
- 4) STEF, erindi söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.
- 5) Saurbær á Hvalfjarðarströnd, erindi fyrrum sóknarprests dags. 15. apríl 2019.
- 6) Saurbær á Hvalfjarðarströnd, erindi fyrrum sóknarprests dags. 16. apríl 2019.
- 7) Ályktanir frá Prestastefnu Íslands 2019.
- 8) Önnur mál.
 - a) Dagsetur fyrir heimilislausu
 - b) Veikindi presta
 - c) Starfsreglur um söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn. Fundinn sátu auk hennar kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Stefán Magnússon og Anna Guðrún Sigurvinsdóttir í forföllum Svönu Helenar Björnsdóttur.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Undir dagskrárlið 3 a-e sátu fundinn séra Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti og Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Skálholts.

Undir dagskrárlið 3 e sátu fundinn Þórarinn Þorfinnsson, varamaður í stjórn Skálholts, séra Egill Hallgrímsson, sóknarprestur í Skálholti, Sölvi Sveinsson, matreiðslumaður í Skálholti, séra Skírnir Garðarsson, héraðsprestur, Kristófer A. Tómasson, stjórnarmaður í stjórn Skálholts, Hólmfríður Ingólfssdóttir, skrifstofustjóri Skálholts, séra Þorvaldur Karl Helgason, stjórnarmaður í stjórn Skálholts, Raket Þorbergssdóttir og Gestur Einarsson ábúendur í Skálholti og Jón Bjarnason, organisti í Skálholtskirkju.

Margrét Bóassdóttir, söngmálastjóri, sat fundinn undir dagskrárlið 4.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) *Stafholt, erindi sóknarnefndar til kirkjuráðs.*

Erindið varðar framkvæmdir við kirkjuna, tengingu við vatnsból og frárennsli frá snyrtingu við rotþró Stafholts. Þá er leitað samþykkis við malartöku úr gamalli malarnámu í landi Stafholts vegna vegagerðar og gerðar bílastæðis samkvæmt framlögðum tillögum frá fyrirtækinu Landlínur í Borgarnesi.

Framkvæmdastjóri kynnti erindið.

Kirkjuráð veur athygli á því að malarnám er að jafnaði ekki heimilt nema fengið hafi verið framkvæmdaleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi. Kirkjuráð samþykkti beiðni sóknarnefndarinnar að því gefnu að öll tilskilin leyfi hins opinbera fáiast. Kirkjuráð bendir í því sambandi á vef Umhverfisstofnunar www.namur.is. Kirkjuráð samþykkti einnig að fela framkvæmdastjóra að upplýsa ábúendur í Stafholti um málið og aðra ef þörf krefur.

b) *Víðistaðakirkja, erindi til Jöfnunarsjóðs.*

Erindið er beiðni um neyðarstyrk til að láta gera úttekt á lekavandamálum í kirkjunni sem skapa hættu á skemmdum á listaverkum eftir Baltasar Samper (freskum) sem máluð eru á veggi kirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að veita söfnuðinum fjárstyrk til verkefnisins úr Jöfnunarsjóði sökna að fjárhæð 1.300 þ.kr. í ljósi þeirra dýrgripa sem þarna liggja undir skemmdum og þess

skamma tímaramma sem söfnuðurinn hefur til að bregðast við. Kirkjuráð samþykkti að minna sóknarnefnd á að slá ekki af þjónustu sinni í barna- og æskulýðsstarfi kirkjunnar.

c) Saurbær, æðarvarp.

Erindi Fanneyjar Einarsdóttur varðandi æðarvarp í landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármála- og fasteignahópi að taka málið til athugunar sem og að gera tillögur til kirkjuráðs um ráðstöfun annarra hlunninda jarðarinnar.

d) Skeggjastaðir, vegaf framkvæmdir. Erindi Vegagerðarinnar.

Erindið lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti erindið hafi ábúandi ekki athugasemdir við áætlun Vegagerðarinnar. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að kanna afstöðu hans til áætlunarinnar.

e) Hofskirkja í Skagafirði, lagning jarðstrengs, erindi Rarik.

Erindið lagt fram.

Málið dregið til baka. Upplýst hefur verið að jörðin Hof á Höfðaströnd er ekki í eigu kirkjumálasjóðs heldur í einkaeigu og jafnframt að sóknarnefnd hefur samþykkt að kirkjan verði gefin landeiganda með gjafabréfi. Sóknarprestur hefur verið upplýstur um fyrirætlanirnar og RARIK um þessa stöðu mála.

f) Blönduóssókn, Jöfnunarsjóður, styrkumsókn.

Erindið lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármála- og fasteignahópi að gera tillögu til kirkjuráðs um afgreiðslu þess.

3. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) Skálholt, stefnumörkun til framtíðar, samantekt Kolbeins Kolbeinssonar verkfræðings.

Samantektin lögð fram. Hún verður lögð fram ásamt fleiri gögnum á fundi um stefnumótun Skálholtsstaðar sem haldinn verður í kvöld.

Kirkjuráð þakkar Kolbeini Kolbeinssyni, verkfræðingi fyrir samantektina.

b) Gestastofa í Skálholti, fyrsti áfangi endurnýjunar gamla vígslubiskupshúss.

Lagðar fram hugmyndir ASK arkitekta.

Kirkjuráð þakkar hugmyndir ASK arkitekta og lýsir yfir ánægju með þær.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og fasteignasviði að afla kostnaðaráætlunar við að hrinda tillögnum í framkvæmd.

Rangæingabúð, umsókn um heimild til niðurrifs, upplýsingaskýrsla.

Lögð fram gögn um málið. Kirkjuráð væntir þess að heimild fáiast fljótlega frá sveitarfélaginu Bláskógabyggð til að rífa húsið og verður s.k. sýningarskáli þá fluttur á lóðina.

c) Skálholtsbúið, ábúðarlok núverandi ábúenda.

Á 290. fundi kirkjuráðs var framkvæmdastjóra falið að vinna drög að uppgjöri við núverandi ábúanda í Skálholti. Lagt fram minnisblað um málið dagsett 7. maí 2019.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að afla upplýsinga um mjólkurkvótann sem fylgir jörðinni.

d) Stjórn Skálholts, sóknarprestur, organisti og starfsfólk

Kirkjuráð ræddi við heimamenn um málefni Skálholts.

Fundarmenn kynntu sig og störf sín í Skálholti.

e) Tillaga frá lagahópi kirkjuráðs um framtíðarstjórnskipulag Skálholtsstaðar

Stefán Magnússon kynnti tillögur frá lagahópi kirkjuráðs varðandi málefni Skálholts.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela stjórn Skálholts (heimastjórninni) að boða til fundar um framtíðarstjórnskipun Skálholts. Sá fundur skili tillögum sínum til kirkjuráðs.

□ Kirkjuráð samþykkti að afnema fyrri samþykktir kirkjuráðs um starf og rekstur Skálholts og Skálholtsskóla frá 22. febrúar 2012.

4. STEF, ERINDI SÖNGMÁLASTJÓRA ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Erindi söngmálastjóra þjóðkirkjunnar til kirkjuráðs dagsett 30. apríl 2019, lagt fram. Efni þess er samningur um greiðslur þjóðkirkjunnar vegna flutnings tónverka við guðspjónustur, safnaðarstarf og kirkjulegar athafnir.

□ Kirkjuráð samþykkti að skoða málið fyrir næsta fund kirkjuráðs, með það fyrir augum að endanleg samningsdrög verði þar á dagskrá. Einnig verið skoðað hvernig fjármögnun og innheimtu greiðslanna verði háttað.

5. SAURBÆR Á HVALFJARÐARSTRÖND, ERINDI FYRRUM SÓKNARPRESTS DAGS. 15. APRÍL 2019

Erindið lagt fram ásamt drögum að svari sem framkvæmdastjóri hefur samið og fylgigögnum. Fram kom að Hilmar Gunnarsson hrl. hefði verið framkvæmdastjóra til ráðgjafar við úrlausn lögfræðilegra álitaefna í svarinu.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela lögmanni kirkjuráðs Hilmari Gunnarssyni hrl. og Guðmundi Þór Guðmundssyni skrifstofustjóra Biskupsstofu að yfirfara svör kirkjuráðs og senda þau síðan ásamt fylgigögnum til sr. Kristins Jens Sigurþórssonar fyrrum sóknarprests.

6. SAURBÆR Á HVALFJARÐARSTRÖND, ERINDI FYRRUM SÓKNARPRESTS DAGS. 16. APRÍL 2019

Erindið lagt fram ásamt drögum að svarbréfi og fylgigögnum.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela lögmanni kirkjuráðs Hilmari Gunnarssyni hrl. og Guðmundi Þór Guðmundssyni skrifstofustjóra Biskupsstofu að yfirfara svör kirkjuráðs og senda þau síðan ásamt fylgigögnum til sr. Kristins Jens Sigurþórssonar fyrrum sóknarprests.

7. ÁLYKTANIR FRÁ PRESTASTEFNU ÍSLANDS 2019

Prestastefna Íslands 2019 samþykkti fjórar ályktanir sem eru eftirfarandi og biskup Íslands kynnti:

1., *Prestastefna 2019 haldin í Áskirkju hvetur kirkjuleg stjórnvöld til að fara af stað með úttekt á því hvaða jarðnæði í eigu þjóðkirkjunnar geti hentað til skógræktar í stórum stíl sem og til endurheimtar votlendis. Í framhaldi af úttekt og skilgreiningu á heppilegu landi skuldbindi kirkjan sig til að leggja a.m.k. 10 af hundraði þess svæðis sem þykir henta árlega til skógræktar og/eða endurheimtar votlendis. Með því móti má klára verkefnið fyrir 2030 sem er sá tími sem nefndur hefur verið sem svigrúm til viðsnúnings í loftslagsmálum.*

Jafnframt skuldbindi Þjóðkirkjan sig til þess að kolefnisjafna allir ferðir á vegum kirkjustjórnar og prófastsdæma innan 3 ára, m.a. með mótvægisáðgerðum í skógrækt eða endurheimt votlendis á jarðnæði í eigu kirkjunnar. Einnig verði söfnuðum og starfsemi Þjóðkirkjunnar gert kleift að kolefnisjafna starf sitt á þessum jörðum. Jafnframt yrðu umhverfisvænir virkjunarkostir jarðanna kannaðir.

Þá hvetur Prestastefna 2019, haldin í Áskirkju, kirkjustjórnina, sóknir og presta að stíga skref til orkuskipta í samgöngum. Komid verði upp rafmagnstenglum við fasteignir kirkjunnar til að hlaða bíla. Akstursgreiðslur verði aflagðar og prestsembættum úthlutað rafmagnsbílum eða öðrum umhverfisvænum kostum í samræmi við akstursþörf.

Einnig tekur Prestastefna 2019 undir með Landvernd að lýsa beri neyðarástandi vegna stöðunnar í loftslagsmálum og að áætlun ríkisstjórnarinnar verði magnbundin og tímasett.

Þá hvetur Prestastefna 2019 þau flugfélög/ferðaþjónustuaðila sem selja flugferðir til og frá landinu, svo og innanlands að innleiða í kaupferli flugmiða kolefnisjöfnun á viðkomandi flugferð.

Einnig hvetur Prestastefna 2019 verslanir til að draga úr sóun matvæla svo og matvælaframleiðendur til að minnka notkun plastpakkinga á matvælum þar sem því verður við komið.

- Kirkjuráð samþykkti að taka undir umhverfisályktun Prestastefnu.
- Kirkjuráð samþykkti að láta setja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla á eftirfarandi fjórum stöðum á þessu ári; Biskupsgarði Bergstaðastræti, í Skálholti, á Hólum og við þjónustumiðstöð Biskupsstofu í Háteigskirkju.
- Kirkjuráð samþykkti að hvetja sóknarnefndir til að koma upp tenglum til rafmagnshleðslu við kirkjur og safnaðarheimili.
- Kirkjuráð samþykkti að stefna að því að koma upp hleðslutenglum við prestssetur eftir óskum ábúenda.
- Kirkjuráð samþykkti að fela starfshópum kirkjuráðs að taka ályktunina til umfjöllunar og skila kirkjuráði tillögum sínum.

2. „*Prestastefna Íslands, sem haldin er í Áskirkju 30. apríl-2. maí 2019 hefur fengið fræðslu um einstaklinga með ódæmigerð kyneinkenni og réttindi þeirra. Frumvarp til laga hefur verið lagt fram á Alþingi um kynrænt sjálfræði. Það felur í sér réttarbót fyrir einstaklinga með*

óðæmigerð kyneinkenni. Prestastefna þakkar fyrir framlagningu þess og hvetur þingheim til að styðja það.“

3. „I. Prestastefna 2019 ályktar að rétt og tímabært sé að ræða framtíðarsýn fyrir þjóðkirkjuna og að móta henni heildarstefnu líkt og gert var með samþykktri stefnumótun fyrir kirkjuna fyrir árin 2004-2010. Leiðarljós í þeirri vinnu verði einkum markviss umræða um áherslur, starfshætti, starfsmannahald og skipulag kirkjunnar á 21. öld. Ennfremur að tryggja að kirkjan nýti ávallt sem best auðlindir sínar í þágu þess málstaðar sem hún boðar og stendur fyrir, þjóð og kirkju til heilla.

II. Að lokinni stefnumótun komi til skoðunar hvort ræða þurfi breytingar á skipulagi kirkjunnar og starfsemi hennar, þ.m.t. lagalega stöðu þjóðkirkjunnar og stofnana hennar, samband þjóðkirkjunnar og ríkisins og hvort þörf sé á breytingum þar á.

III. Prestastefna 2019 telur að þær viðræður kirkjunnar og ríkisins sem staðið hafa frá 2015 um einföldun fjárhagslegra samskipta skuli leiddar af þeim þremur stjórnvöldum sem veita kirkjunni fyrirsvar, þ.e. biskupi Íslands, kirkjuþingi og kirkjuráði með aðkomu PÍ og annarra fagfélaga þar sem það á við. Þannig leiði biskup Íslands, sem er leiðtogi þjóðkirkjunnar, viðræðurnar f.h. kirkjunnar ásamt forseta kirkjuþings og fulltrúa sem kirkjuráð tilnefnir.“

Kirkjuráð samþykkti að fela starfshópum kirkjuráðs að taka I. og II. hluta til umfjöllunar og skila kirkjuráði tillögum sínum og hugmyndum.

Kirkjuráð samþykkti að fela lagahópi kirkjuráðs að taka III. hluta ályktunarinnar til umfjöllunar og skila kirkjuráði tillögum sínum og hugmyndum.

4. „Prestastefna 2019 hvetur Biskup Íslands til að stofna gleðinefnd í kirkjunni til að gleðjast saman og stuðla að aukinni virkni gleðidaganna frá jólum til öskudags og frá páskum til hvítasunnu.

Nefndin kæmi með tillögur hvernig auka mætti gleðina í kirkjunni á þessum tveimur tímabilum og stuðla að samvinnu við önnur félög.

Nefndin mundi starfa í 11 mánuði frá 1. júlí 2019 til 31. maí 2020. Hún mundi skila inn tillögum bæði til Biskups Íslands og presta og djákna annars vegar 15. október fyrir tímabilið frá jólum til öskudags og hins vegar 1. mars fyrir tímabilið frá páskum til hvítasunnu.“

8. ÖNNUR MÁL

a) Dagsetur fyrir heimilislausa

Biskup Íslands kynnti þá hugmynd að skipa starfshóp til að vinna tillögur að því hvernig þjóðkirkjan geti betur sinnt heimilislausum einstaklingum.

Kirkjuráðsmenn fögnuðu hugmyndinni.

b) Veikindi presta

Fyrirspurn kom frá kirkjuráðsmanni um þau ráð sem biskupsembættið hefur til að styðja við presta þegar upp koma veikindi.

Málið var rætt.

c) Starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis

Tillaga kom frá kirkjuráðsmanni um að unnið verði að breytingum á starfsreglum um íslensku kirkjuna erlendis.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:05.

Næsti fundur er áætlaður miðvikudaginn 12. júní 2019.

Agnes. M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson,
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Stefán Magnússon